SJÓRINN OG ÞORPIÐ

Jónas Guðmundsson
MYNDLIST

Kjartan Guðjónsson er í hópi reyndari málara okkar og tilheyrir þeirri kynslóð málara, er eigi áttu aðgang að hinu skandinavíska og norðurþýska málverki, er lagt hefur grundvöllinn að íslenskri myndlist svo lengi, því stríð var í Evrópu, þegar hann hóf listnám, eða framhaldsnám í myndlist, og því hélt hann til Bandaríkjanna, en í þeim hópi eru fleiri er eins var ástatt um, og má þar nefna Kristján Davíðsson, Örlyg Sigurðsson, Valtý Pétursson og ýmsa fleiri á þessum aldri.

Abstraktmaðurinn Kjartan Guðjónsson

Eftir heimkomuna gekk Kjartan síðan í hið lokaða klaustur abstraktmanna, þar sem enga skímu var að finna, og má segja að hann hafi látið þar meira af hendi rakna en margir aðrir, er hurfu frá figurativum myndum, því Kjartan var og er afburða teiknari bæði í stílfærslu og myndbyggingu, sem og í eftirhermuteikningu, þar sem keppt er við ljósmyndina.

Slíkur maður færir nefnilega stærri fórnir en þeir, sem að upplagi eru myndlistarmenn tengdari abstraktvinnu hvort eð er en almennri teikningu.


En heimurinn breytist og mennirnir með. Hinn harði agi abstraktlistarinnar er ekki lengur til. Eftir strangtrúarlegt meinlætalíf í listum, kemur frelsi, og nú er það víst alveg hömlulaust. Hver getur gert það sem hann lystir, en bannfæringar frá þeim er leggja til viðurkenningar í listum og það kemur líka á daginn að margir sem truastir voru kennisetningunni eru nú að þreifa sig áfram í ljósinu og eru byrjaðir að mála figurativt aftur.

Ég hirði ekki um að nefna nöfn

Ég hygg að þessi trúarbrögð hafi meðal annars orðið til þess að Kjartan Guðjónsson var um tíma svo til hættur að mála. Var áhugalaus um myndlist á vissu skeiði, en nú á síðustu árum hefur áhugi hans vaknað og rekur nú hver sýningin aðra, og sýningin er hann hélt á Kjarvalsstöðum fyrir tveimur árum er líklega ein besta sýning sem hann hefur haldið um dagana.



Kjartan Guðjónsson við eitt verka sinna. (Tímamynd GE)



Þar voru abstraktmyndir, en einnig tekiningar við fornrit og ýmsar lærðar, bækur, er hann hafði gert á liðnumárum.

Það má þó með nokkrum rétti segja að fátt nýtt hafi komið fram á þessari sýningu, nema að þarna voru mörg góð og skemmtileg verk, gjörð af heillandi gleði og áhuga.

En nú er annað uppi á teningnum. Málarinn hefur brotið blað í sögu sinni og sýnir nú figurativar myndir, mismunandi mikið stílfærðar, og sýninguna nefnir hann SJÓRINN OG ÞORPIÐ og fer nafngiftin í kjölfarið á þeim myndum er á sýningunni eru, en myndefnið er frá sjónum.

Sjórinn og þorpið

Íslenska fiskiþorpið, útgerðin og manneskjan þar, ásamt veðurfari, fugli og fiski, hefur lengi verið yrkisefni íslenskra skálda og málara. Jón úr Vör sótti föng sín í þorpið, það sama gerði Þorvaldur Skúlason Snorri Ainbjarnar og Gunnlaugur Scheving, og eru þá fáir taldir af öllum þeira aragrúa listamanna er fengist hafa við þetta. Það er því ekki í svo lítið ráðist að gjöra sjálfstæða sýningu um þetta efni, án þess að þiggja af nesti forveranna.

Þetta tekst Kjartani býsna vel, eða furðu vel, ef við það er miðað, hvað áður hefur verið unnið. Hin stílfærða teikning og einföldunin, ásamt sjálfstæði í lit, gefur sérstöðuna.

Ef til vill eru þó teikningarnar (rauð og svört krít og vatnslitirnir) persónulegri en málverkin, en gæfa þeirra og gengi virðist einkum ráðast af því, hversu sterkt þau tengjast eldri myndum listamannsins, eða þeim myndum er við sáum fyrir tveim árum.

Góð dæmi um tengingu við fyrri verk eru myndir eins og **Leikur í fjörunni, Útmánuðir** og **Mæðgurnar**, sem svo verða einnig til nýir hlutir, nýr tónn og vil ég þar nefna myndirnar **Úti á Nesi** og **Dagmál** og nokkrar fleiri mætti nefna.

Kjartani er lagið að finna smámuni til að lífga myndir, þvottur á snúrum og margt annað verður til þess að skreyta myndir og uppörva þær, og lífga.

Þá teiknar Kjartan áhöfnina á Arsæli Sigurðssyni frá Hafnarfirði og eru það skemmtilegar myndir og sýna menn í sínu rétta umhverfi, og loks eru vatnslitamyndir þar sem fjallað er um sjómennsku og útveg á myndrænan hátt.

Alls eru 75 myndir á sýningunni.

Það er margt sem gerir þessa sýningu áhugaverða. Kjartan er sjómannssonur, en faðir hans var bryti á strandferðaskipunum, kunnur maður á sinni tíð, Guðjón bryti. Þá gerði Kjartan sér lítið fyrir og skrapp til sjós meðan hann var að vinna að þessum myndum, og það sýnir einlægni, og víst má telja að málaranum liði betur í þessari myndvinnu, því þarna nýtir hann teiknikunnáttu og formgáfu sína mun betur en í hinu abstrakta verki.

Sjórinn og þorpið stendur því vel undir nafni.


Sýningunni lýkur á sunnudagskvöld.

Jónas Guðmundsson.

Af bókamarkaðnum

Sunnefumálin

skáldsaga eftir Dominic Cooper í þýðingu Franzicu Gunnarsdóttur




Bókaútfáfan Örn og Örlygur hf. hefur nú sent frá sér bókina SUNNEFUMÁLIN eftir breska rithöfundinn Dominic Cooper. Bók þessi, sem er skáldsaga, hefur að uppistöðu eitt þekktasta sakamál á Íslandi, hin svokölluðu Sunnefumál, sem áttu sér stað á Íslandi um miðja átjándu öld. Höfundurinn, Dominic Cooper dvaldi hérlendis meðan hann vann að ritun bókarinnar, og kynnti sér staðhætti og þau gögn sem til eru í málinu. Verður ekki annað sagt en að honum takist að bregða upp mjög trúverðugri mynd af því ömurlega ástandi sem ríkti á Íslandi á þessum árum, eldgosa og drepsótta, og þeim áhrifum sem hið óblíða náttúrufar hafði á mannlíf og lífsbaráttu í landinu.

Sunnefa Jónsdóttir þótti bera af öðrum konum á sinni tíð. Það varð henni örlagaríkt, ekki síður en mörgum öðrum sem henni kynntust. Hún eignaðist tvö börn, og enn er það spurning hvort hún átti þau bæði með Jóni bróður sínum, eða hvort Hans Wium sýslumaður átti annað barnið. Dauðadómur vofði sífellt yfir Sunnefu og Jóni bróður hennar, og þau lentu milli steins og sleggu valdsmanna í Múlasýslu. Urðu leiksoppar sem kastað var til og frá. Á þessum árum skiptu með sér hlutverkum harkan og grimmdin, hungrið og drepsóttir, mannlegar tilfinningar og mannlegur breyskleiki.


Sunnefumálin, er saga mikilla átaka í umhverfi sem markað er af hinni hörðu og miskunnarlausu lífsbaráttu.

Sunnefumálin komu út í heimalandi höfundar, Bretlandi, um síðustu áramót, og vakti bókin þar mikla athygli og fékk góða dóma. Hún nefnist á frummálinu: Men at Axlir. Þýðandi bókarinnar er Franzica Gunnarsdóttir.

ÚTIHURÐIR



Útihurðir — Bílskúrshurðir
Svalahurðir — Gluggar
Gluggafög
Útihurðir Dalshrauni 9, Hafnarfirði. Sími 54595.



Nokkrir þeirra muna, sem sýndir eru á heimilisiðnaðarsýningunni á Kjarvalsstöðum.

Heimilisiðnaðarsýning á Kjarvalsstöðum

KL — Heimilisiðnaðarfélag Íslands hefur opnað sýningu á íslenskum heimilisiðnaði í vesturgangi Kjarvalsstaða.

Á sýningunni eru sýnishorn af gerð hins forna íslenska refilsaums og augnsaums, bæði eldri og nýrri verk.

Heimilisiðnaðarfélag Íslands er meðlimur í Norræna heimilisiðnaðarsambandinu, en það heldur þing sín og sýningar þriðja hvert ár til skiptis í einhverju Norðurlandanna. Sl. sumar var þingið haldið í Tromsö í Noregi og voru munirnir, sem nú eru sýndir á Kjarvalsstöðum, framlag Íslands á þeirri sýningu, sem þá var haldin.

Sýningin mun standa fram í miðjan nóvember og er opin daglega kl. 14-22.

